

4. gr.

93
27. sept.

Nú falla æfingar niður og söngurinn er ekki góður að dómi nefndarinnar, skal þá ekki taka út vexti það ár, leggjast þeir þá við höfuðstól til þess að auka hann sem mest, svo að söngflokkurinn fái vilja á að hafa sönginn sem beztan að hægt er með þekkingu, vilja og góðri ástundun.

5. gr.

Sjóðinn má aldrei skerða. Hann skal vera á góðum rentustað, vel tryggðum, t. d. Söfnunarsjóð Íslands. Hann skal vera eign Stokkseyrarkirkju og notaður í þessar þarfir sem að ofan er getið, en ekki skal hann renna saman við sjóð kirkjunnar og ávallt skulu reikningar hans færðir út af fyrir sig í þar til gerða bók við kirkjuna. Ákvæði laga um að fé kirkna skuli ávaxta í hinum almenna kirkjusjóði ná ekki til þessa sjóðs. Þó að hin evangeliska-lúterska kirkja hætti að vera þjóðkirkja Íslands, má sjóður þessi aldrei verða eign ríkisins, heldur skal hann þá vera alger eign evangelisk-lútersks safnaðar Stokkseyrar.

6. gr.

Reikningur sjóðsins skal lesinn upp ár hvert á safnaðarfundum með reikningum kirkjunnar, útskýrður eftir þörfum og fylgja reikningum hennar til prófasts, undirskrifaður af nefndinni.

Stokkseyri, 3. september 1932.

Gísli Pálsson.

REGLUGERÐ

94
5. okt.

um

skýrslugerðir lækna og þeirra, sem lækningaleyfi hafa, annara heilbrigðisstarfsmanna og heilbrigðisstofnana.

1. gr.

Allir lækna og þeir, sem lækningaleyfi hafa, skulu skyldir til að halda dagbók eða spjaldskrá yfir sjúklinga þá, sem þeir taka til meðferðar, og skrá þar nafn hvers sjúklings, aldur, stöðu, heimilisfang, sjúkdóm, meðferð og afdrif, þegar þau eru kunn.

2. gr.

Héraðslækna skulu, auk þess sem segir í 1. gr., halda þær bækur, er varða embætti þeirra, eftir lögum og reglugerðum og fyrir mælum landlæknis. Héraðslækna skulu halda saman öllum embættisbréfum og skeytum,

94 sem þeim berast, svo og afritum af öllum embættisbréfum, skeytum og skýrslum, er þeir senda frá sér, ennfremur Stjórnartíðindum, Lögbirtingablaði, Heilbrigðisskýrslum og öðrum opinberum skýrslum og tilkynningum, sem embættinu kunna að berast, binda það inn, sem binda þarf, en geyma hitt í geymslu-spjöldum, og vera jafnan við því búnir að skila öllu í góðu ástandi í hendur eftirmanni sínum. Það, sem á kann að vanta, skal fráfarandi lækni skylt að útvega á sinn kostnað.

3. gr.

Lyfsalar, yfirsetukonur, bólusetjarar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn skulu halda þær bækur og gefa þær skýrslur, sem af þeim er krafizt samkvæmt lögum og sérstökum reglugerðum eða fyrirmælum landlæknis.

4. gr.

Við hvert sjúkrahús og sjúkraskýli eða tilsvarendi stofnun skal haldin dagbók eða spjaldskrá yfir alla sjúklinga, er þar dvelja, og skal skrá þar nafn hvers sjúklings, aldur, stöðu, heimilisfang, sjúkdóm, meðferð (þar á meðal handlæknisaðgerðir), afdrif við burtför og legudagafjölda.

5. gr.

Starfandi lækna, þar með taldir skólalækna, og þeir, sem hafa lækn-ingaleyfi, aðrir heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisstofnanir, svo og prestar, sem annast manntal og skrásetningu mannsláta, skulu senda viðkomandi héraðslækni skýrslur þær, sem af þeim eru heimtaðar, nema öðruvísi sé fyrir mælt.

6. gr.

Starfandi lækna í Reykjavík skulu jafnan, í hver vikulok, semja vikuskýrslu yfir farsóttir o. fl. á þar til gert eyðublað og hafa skilað henni til héraðslæknis eða á póst eigi síðar en á mánudagskvöld í næstu viku.

Starfandi lækna utan Reykjavíkur skulu semja tilsvarendi mánaðarskýrslu í lok hvers mánaðar og hafa skilað henni til viðkomandi héraðslæknis eða á póst eigi síðar en tveim nóttum eftir mánaðamót.

Héraðslæknir í Reykjavík semur eina vikuskýrslu fyrir hérað sitt og skal hafa skilað henni til landlæknis eða á póst eigi síðar en á þriðjudagskvöld í næstu viku.

Héraðslækna (og einnig héraðslæknir í Reykjavík) skulu semja eina mánaðarskýrslu hver fyrir sitt hérað. Héraðslæknir í Reykjavík skal hafa skilað henni til landlæknis eða sett hana á póst eigi síðar en fimm nóttum eftir mánaðamót. Innan sama tíma skulu héraðslækna utan Reykjavíkur hafa skilað á næstu símastöð skeyti til landlæknis með skýrslu um farsóttir mánaðarins, en sjálfri mánaðarskýrslunni skulu þeir hafa skilað á póst eigi síðar en átta nóttum eftir mánaðamót.

7. gr.

94

5. okt.

Öðrum skýrslum og upplýsingum en um getur í 6. gr. og héraðslæknar þurfa á að halda til ársskýrslna sinna, skulu starfandi læknar og þeir, sem lækningaleyfi hafa, aðrir heilbrigðisstarfsmenn, heilbrigðisstofnanir og prestar eða aðrir, sem annast manntal og skrásetningu mannláta, hafa skilað til viðkomandi héraðslæknis eða á póst eigi síðar en í janúarlök næsta ár.

Héraðslæknar semja ársskýrslur á þar til gerð eyðublöð eftir fyrir mælum landlæknis og skulu hafa lokið henni og skilað til landlæknis eða á póst eigi síðar en í marzlök næsta ár.

8. gr.

Héraðslæknar skulu svara bréfum og skeytum landlæknis, varðandi embætti þeirra, heilsufar í héruðum þeirra eða önnur heilbrigðismál samtundis eða á næturfræsti, nema hann gefi frest til undirbúnings svarinu, eða um lögleg forföll sé að ræða.

Tilsvarendi skyldur hafa aðrir læknar, þeir, sem hafa lækningaleyfi, aðrir heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisstofnanir, gagnvart landlækni og viðkomandi héraðslækni.

9. gr.

Nú vanrækir læknir, eða sá, sem til þess hefir skyldur samkvæmt lögum og reglugerðum eða fyrir mælum landlæknis, að skila fyrirskipuðum skýrslum eða svara bréfum og fyrirspurnum samkvæmt þessari reglugerð, og má þá ráðherra, eftir tillögum landlæknis, láta viðkomandi sæta dagsektum, 5 krónum fyrir hvern dag, sem líður fram yfir settan frest.

Sektirnar má taka lögtaki. Ef héraðslæknir á í hlut eða læknir, sem hefir laun úr ríkissjóði eða frá stofnunum ríkisins, má ráðherra auk sektanna stöðva launagreiðslur til hans unz skil hafa verið gerð.

10. gr.

Sektir lækna samkvæmt reglugerð þessari skulu renna í styrktarsjóð ekkna og munaðarlausra barna íslenzkra lækna. Sektir annara renna í ríkissjóð nema ráðherra heimili að þær skuli renna í tilsvarendi styrktarsjóði eftir nánari ákvæðum landlæknis.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 14. gr. laga nr. 47 frá 1932, er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 5. október 1932.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.